

Ed.

821. Frumvarp

til laga um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands heimilast að veita, eftir því sem nauðsynlegt þykir, greiðslufrest á afborgunum af lánum úr Ræktunarsjóði, Byggingar- og landnámssjóði og veðdeild bankans um allt að 5 ára tímabil í hverri stofnun. Greiðslufrestur þessi getur náð jafnt til þeirra lána, er þegar hafa lent í vanskilum, og þeirra, er hingað til hefir verið borgað reglulega af, en má aldrei ná yfir meira en 5 ára bil af hverju einstöku láni.

2. gr.

Á sama hátt og í 1. gr. segir heimilast stjórn Landsbanka Íslands að veita greiðslufrest í 5 ár á afborgunum af þeim lánum úr veðdeild bankans, er bændur eða aðrir, sem hafa landbúnað að aðalatvinnu, eiga að standa skil á.

3. gr.

Greiðslufrestur sá, er um ræðir í 1. og 2. gr., hefir engin áhrif á útdrátt bankavaxtabréfa veðdeildanna eða jarðræktarbréfa, og skal því árlega draga út og innleysa jafnháa fjárhæð og gert mundi, þó enginn greiðslufrestur væri veittur. Þar, sem svo stendur á, að öll bréf veðdeildarflokks eru í eign ríkissjóðs, skal ríkisstjórninni þó heimilt að veita undanþágu frá, að meira sé útdregið úr þeim flokki en raunverulega hefir verið borgað af skuldabréfum þess sama flokks á umliðnu ári.

4. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að $1\frac{1}{2}\%$ af vöxtum fasteignalána þeirra manna, er landbúnað stunda sem aðalatvinnuveg, á gjalddaga lánanna árin 1933 og 1934, en þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur $4\frac{1}{2}\%$ á ári. Heimild þessi er því skilyrði bundin, að stjórn Kreppulánasjóðs telji, að skuldnautar geti ekki að öðrum kosti risið undir vaxtabyrðinni samfara heilbrigðum búrekstri.

Heimild þessi nær og til sömu þátttöku í greiðslu vaxta af stofnlánum til frystihúsa og mjólkurbúa á árunum 1933 og 1934.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta ríkissjóð taka að sér greiðslu á lánum þeim úr viðlagasjóði og Búnaðarbankanum, er hvíla á frystihúsum, er frysta kjöt til útflutnings og eru eign samvinnufélaga eða sýslufélaga, allt að $\frac{1}{4}$ stofn-
kostnaðar.

6. gr.

Stjórn kreppulánasjóðs heimilast að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bönkunum verði fært að veita afborgunarfresti þá, sem um ræðir í 1. og 2. gr., og lána til þess fé úr kreppulánasjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.